

Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 4. október 2015 kl. 20:00

25 ára
AFMÆLISTÓNLEIKAR




Johann Sebastian Bach



Anton Webern



Oliver Kentish



Pjotr Tsjækofski



Duo Harpverk

Einleikarar:

Katie Buckley og Frank
Aarnink (Duo Harpverk)

Stjórnandi:

Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.

Efnisskrá:

J. S. Bach – A. Webern: Ricercare

Oliver Kentish: Concertino - „Dioskouroi“ fyrir hörpu, slagverk og hljómsveit

Allegro comodo

Adagio

Allegretto

– HLE –

P. I. Tsjaekofski: Sinfónía nr. 5 í e-moll, op. 64

Andante - Allegro

Andante cantabile

Vals, Allegro moderato

Finale, Andante maestoso – Allegro vivace

UM FLYTJENDUR, HÖFUNDA OG TÓNVERK:



Johann Sebastian Bach



Anton Webern

Tónafórnin, Bach, Friðrik mikli og Anton Webern. Árið 1747 bauð Friðrik mikli Prússakeisari Jóhanni Sebastíani í heimsókn til sín í höllina í Potsdam, að því er virðist til að sýna honum nýtt hljóðfæri sem hann hafði eignast. Þetta var hljómborðshljóðfæri sem hafði þann merkilega eiginleika að hægt var að leika á það bæði sterkt og veikt, ein af frumgerðum píanósins. Í heimsókninni færði hann Bach stef og það hann að semja við það sex radda fúgu. Bach tók þessari áskorun með nokkurri tregðu, tjáði kónginum að ekki hentuðu öll stef til slíks. Tveimur mánuðum síðar sendi hann kóngi samt

langt tónverk, Tónafórniina (BWV 1079), sem er safn af fúgum, kanónum, og tríósónötu, sem öll byggjast á stafi konungsins, auk þess sexradda fúgan sem farið var fram á. Bach var greinilega mikið í mun að sýna að hann gæti leyst þessa þraut. Fúgan gengur undir nafninu Ricercata eða Ricercare og er snilldarlega samin. Ef til vill má telja hana einn af hápunktum tónlistarsögunnar. Þarna sýnir einn fremsti tónsnillingur sögunnar hvers hann er megnugur, og það á sviði þar sem hann var óvæfengjanlega fremstur allra. Allir sem lagt hafa stund á alvarlegt tónsmíðanám hafa skoðað og greint þessa fúgu. Fáir hafa þó haft það sjálfstraust að taka hana og útsetja á sinn hátt. Það gerði þó Anton Webern sem uppi var í Austurríki á síðustu öld (1883-1945) og var einn af forgöngumönnum 12-tóna aðferðarinnar við tónsköpun. Á tímabilinu 1934-1935 umskrifaði hann fúguna fyrir litla hljómsveit. Engum tóni var bætt við og engum sleppt, fúgan er nákvæmlega

eins og Bach skrifaði hana en tónunum er deilt niður á hljóðfærin eftir því sem útsetjaranum þóknaðist. Útkoman er áhrifamikil enda hefur þessi umritun ratað inn í efnisskrár allra helstu hljómsveita heims. Gjörði svo vel. Á 25 ára afmæli sínu býður Sinfóníuhljómsveit áhugamanna upp á fremstu fúgu allra tíma.



Duo Harpverk

Duo Harpverk skipa Katie Buckley hörpuleikari og Frank Aarnink slagverksleikari. Allt frá því dúóið var stofnað 2007 hafa þau látið hressilega að sér kveða í tónlistarlífi landsins. Þau hafa tekið þátt í nánast öllum tónlistarhátíðum sem haldnar hafa verið, allt frá Iceland Airwaves til Listahátíðar og Kirkjulistarhátíðar. Einnig hafa þau leikið í Danmörk, Færeyjum, Hollandi og Bandaríkjunum. Þau hafa hvatt tónskáld til dáða og hafa verið samín meira en 80 tónverk fyrir þau. Tveir geisladiskar


hafa verið gefnir út með leik þeirra. Katie er bandarísk að uppruna. Hún hefur leikið á hörpu síðan hún var 8 ára. Eftir að hún lauk prófi frá Eastman School of Music í New York lék hún með ýmsum hljómsveitum í New York ríki og Norður-Karolínu. Árið 2005 var hún ráðin hörpuleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur búið hér á landi síðan. Frank er upprunninn í Hollandi. Hann stundaði tónlistarnám í Hilversum og Amsterdam og lék að námi loknu í ýmsum hljómsveitum og tók þátt í margvíslegum óperu- og söngleikjauppfærslum. Frank hefur búið á Íslandi síðan 2001 og er slagverks- og pákuleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Frank og Katie hafa bæði tekið þátt í starfi Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna áður. Katie lék hörpupart í verki Catherine McMichael, Three Philosophies, sem frumflutt var hér á landi á tónleikum SÁ í október 2014. Frank hefur oft hlaupið undir bagga og leikið á pákurnar hjá okkur, allt frá því að hann sigldi með okkur í vitlausu veðri til Vestmannaeyja til tónleikahalds haustið 2001.

Dioskouroi. Um nýja verkið sitt skrifar Oliver Kentish:

Dioskouroi er grískt orð yfir tvíburana Castor og Pollux og er tíundi kammerkonsert minn fyrir ýmis hljóðfæri sem eru byggðir á sögum og persónum úr grískri goðafræði og ég hef verið að semja undanfarin ár. Tveir þeir fyrstu, *Apollo og Artemis*, voru frumfluttir af Baldvini Oddsyni og Magnúsi Pálssyni með S.Á. árið 2009. Síðan þá hef ég samið kammerkonserta fyrir óbó, fiðlu, gítar, hörpu, horn, flautu og selló.

Castor og Pollux voru dauðlegir menn en vegna þess hversu góðir og örlátir þeir voru á meðan þeir lifðu var þeim boðið að verða teknir í guða tölu þegar þeir dóu. Pollux var boðið fyrst en hann setti þá það skilyrði að bróðir hans fengi það sama. Til að svo mætti verða þurftu þeir að búa í undirheimum annan hvern dag. Castor og Pollux voru verndarguðir sjómanna, hestamennsku, svo og gesta og ferðamanna. Þeim var líka gefinn staður á himninum sem stjörnumerki Tvíburanna. Verkið er í þremur köflum í hinu hefðbundna formi klassískra konserta: hratt, hægt og aftur hratt. Verkið er samið að beiðni Duo Harpverks og er tileinkað dóttur Franks, Sunnevu Elínu, og syni Katie, Anders.

Þjotr Ilits Tsjækofskí (1840-1893) var tónskáld tilfinninganna, hann orti með hjartanu fremur en með höfðinu, og með vísan til Dostojevskís mundu margir segja að þannig sé Rússum lifandi lýst. Stef hans bera ilm og lit, eru glæsileg og stundum þrungen ofsafengnum tilfinningum, en þau eru ekki fræ sem tónskáldið getur látið heilan skóg vaxa upp af. Þau eru ekki fræ af þeirra



Pjotr Tsjækofski

einföldu ástæðu að þau eru fullútsprungin blóm, hvert um sig, og tónskáldið getur ekki annað gert en að raða þeim saman í listrænan blómvönd. Ólíkt þessu byrja Mozart, Beethoven og stundum Brahms hvern þátt sinna sínfónía með einföldum stefnum, nánast kímum, sem síðan vaxa og umbreytast, birtist í nýju og nýju ljósi í ýmsum myndum, líkt og hugsun í huga manns. En af sömu ástæðu eru sínfóníur Tsjækofskís – 4., 5. og 6., því hinar þrjár heyrast sjaldan, – auðteknar við fyrstu heyrn, glæsilegar, tífningaþrungnar og áhrifamiklar. Fimmta sínfónían var frumflutt í St. Pétursborg undir stjórn tónskáldsins í nóvember 1888. Ellefu ár voru liðin frá frumflutningi

4. sínfóníunnar, og Tsjækofski var orðinn frægur „um allan hinn siðmenntaða heim“, þ.e.a.s. Evrópu og sennilega hluta N-Ameríku. Persónulegum vandkvæðum tónskáldsins línnti samt ekki – það voru hormónin – og yfir sínfóníunni hvílir örlagaþungi sem kemur fram þegar í myrku inngangsstefi (tvær einróma klarinetturnar) og í framhaldinu (allegro con anima) sem gagnsýrir alla sínfóníuna. Sumir fræðimenn telja að sínfónían fjalli um átökin milli örlaga og frjáls vilja, en aðrir að svartsýni og sjálfsmeðauknum séu þar í fyrirrúmi. Allt um það er 5. sínfónía Tsjækofskís meðal stórfenglegustu og vinsælustu hljómhviða vorra tíma. (Sig. St.)

Sínfóníuhljómsveit áhugamanna flutti 5. sínfóníu Tsjækofskís á 10 ára afmælistónleikum sínum haustið 2000 og einnig á 15 ára afmælistónleikunum 2005. Nú rifjum við upp fyrri kynni í tilefni 25 ára afmælisins. Sínfónían er eitt víðamesta verkefni sem Sínfóníuhljómsveit áhugamanna hefur tekist á við á ferli sínum.

Oliver Kentish fæddist árið 1954 í London og þar hóf hann sellónám tólf ára gamall. Hann stundaði framhaldsnám við Royal Academy of Music þar sem aðalkennari hans var Vivian Joseph. Árið 1977 fluttist hann til Íslands til þess að leika með Sínfóníuhljómsveit Íslands og hefur hann síðan tekið virkan þátt í tónlistarlífinu hér sem hljóðfæraleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Frá árinu 1978 kenndi hann í átta ár við Tónlistarskólinn á Akureyri og var einn af stjórnendum hljómsveitar skólans. Árið 1986 réði Óliver sig til Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem hann stofnaði Kammersveit skólans 1992. Auk þessara sveita hefur Óliver stjórnað öðrum hljómsveitum, svo sem Kammerhljómsveit Akureyrar (fyrirrennara Sínfóníuhljómsveitar Norðurlands) og Sínfóníuhljómsveit Íslands. Óliver hefur verið mjög afkastamikið tónskáld. Opinberir aðilar hafa pantað hjá honum verk og hann hefur þrívægis verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti þar sem verk hans voru frumflutt. Óliver hefur oft komið fram með Sínfóníuhljómsveit áhugamanna í Reykjavík, bæði sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hljómsveitin hefur auk þess frumflutt nokkur verka hans. Óliver hefur verið aðalstjórnandi Sínfóníuhljómsveitar áhugamanna síðastliðin 10 ár.



Núverandi og fyrrverandi aðalstjórnendur Sínfóníuhljómsveitar áhugamanna, Óliver Kentish og Ingvar Jónasson. Ingvar lést um júlín 2014.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna: Nokkrir punktar úr 25 ára starfi

- Hljómsveitin var stofnuð haustið 1990 og hefur starfað óslitið síðan, eða í rétt 25 ár.
- Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist og viðhalda færni sinni.
- Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns, en alls hafa vel á annað hundrað manns leikið með henni í lengri eða skemmri tíma.
- Starfið er ólaunað.
- Æfingar eru eitt kvöld í viku, starfsárið er frá september til maí.
- Frumflutningur íslenskra verka hefur verið mikilvægur þáttur í starfi hljómsveitarinnar. Hildigunnur Rúnarsdóttir, Oliver Kentish, Jónas Tómasson, Þórður Magnússon, Veronique Jacque, Finnur Karlsson, Eiríkur Árni Sigtryggsson, Pavel Smid, Sigurður Sævarsson, Þórður Magnússon, Yoko Hamabe Wylegala og Þorkell Sigurbjörnsson hafa samið verk fyrir sveitina. Sveitin hefur einnig frumflutt útsetningar af verkum Jónasar Tómassonar, eldri, og Jakobs Hallgrímssonar.
- Fjöldi þekktara, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni. Hljómsveitin hefur einnig lagt áherslu á að styðja unga og upprennandi einleikara og einsöngvara.
- Hljómsveitin hefur átt samstarf við marga kóra og flutt smærri og stærri verk fyrir kór og hljómsveit.
- Auk fjölmargra tónleika á höfuðborgarsvæðinu hefur hljómsveitin haldið tónleika á Ísafirði, í Vestmannaeyjum, Skálholti, Reykholti, Borgarnesi og á Dalvík. Í þessum tónleikaferðum hafa heimamenn tekið þátt í tónlistar-flutningnum, bæði hljóðfæraleikarar, stjórnendur og kórfolk.
- Sveitin fór í tónleikaferð til Berlínar haustið 2008 og hélt tvenna tónleika í samvinnu við Orchester Berliner Musikfreunde, elstu áhugahljómsveit Berlínar sem nýlega hélt upp á 140 ára afmæli sitt. Aðaltónleikarnir voru haldnir í Philharmonie, einu þekktasta tónleikahúsi veraldar.
- Hin síðari ár hafa verið haldnir 6-7 tónleikar á ári, en auk þess hefur hljómsveitin komið fram við ýmis tækifæri, s.s. við athafnir í Háskóla Íslands og hátíðagudsþjónustur.
- Hljómsveitin hefur gefið út þrjá hljómdiska með leik sínum og tekið þátt í gerð tveggja kvikmynda.
- Hljómsveitin uppfærði jólaóperuna „Amal og næturgestirnir“ eftir Gian Carlo Menotti í Neskirkju á aðventunni árið 1998.



Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þreytir frumraun sína í Hörpu 2012.

- Hljómsveitin hefur haft fast aðsetur í Seltjarnarneskirkju síðustu fjórtán árin. Æfingar og flestir tónleikar hennar hafa farið þar fram.
- Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi síðustu 10 árin er Oliver Kentish. Ingvar Jónasson, sem var einn af frumkvöðlum að stofnun hljómsveitarinnar, var aðalstjórnandi hennar allt frá upphafi og til ársins 2005 en þá lét hann af því starfi að eigin ósk. Aðrir stjórnendur hafa einnig komið við sögu og stjórnað tónleikum eða einstökum verkum.

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Thorarensen
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Auður Ýr Sigurðardóttir
Sungkyung Kang

2. fiðla

Hekla Arnardóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Helga Andrésdóttir
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Dagrún Hjartardóttir
Dóra Björgvinsdóttir

Víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Gylfi Guðjohnsen
Sólrún Sigurðardóttir
Þórunn Harðardóttir
Vigdís Másdóttir
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Bianca Tighe
Sverrir Teitsson
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Matylda Hermanska

Kontrabassi

Dean Ferrell
Jón Hörður Jónsson

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Kistrún Helga Björnsdóttir
Pamela de Sensi

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Barclay Anderson
Guðmundur G. Haraldsson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Snorri Heimisson

Horn

Sturlaugur Jón Björnsson
Torfi Þór Gunnarsson
Erna Ómarsdóttir
Þórunn Eir Pétursdóttir

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Þórður Hallgrímsson
Birgitta Björg Guðmarsdóttir

Básúnur

Valgeir Geirsson
Hans Orri Straumland
Finnbogi Óskarsson

Túba

Roine Hultgren

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Kjartan Guðnason



Félagar úr Sinfóníuhljómsveit áhugamanna ásamt félögum úr Orchester Berliner Musikfreunde að loknum vel heppnuðum tónleikum sveitanna í tónleikahúsinu Philharmonie í Berlín haustið 2008.

Sýnishorn 25 ára starfsemi: Verkefni síðasta starfsárs

Tónleikar í Seltjarnarneskirkju 12. október 2014. Á heimspekilegum nótum.

Stjórnandi Oliver Kentish, konsertmeistari Helga R. Óskarsdóttir, einleikari Pamela de Sensi.
Efniðsskrá:

W. A. Mozart: Adagio og fúga í c-moll, K 546

Catherine McMichael: Three Philosophies (frumflutningur á Íslandi)

F. J. Haydn: Sinfónía nr. 22, „Der Philosoph“.

Dýrðartónar. Tónleikar með Kammerkór Seltjarnarneskirkju, 8. nóvember 2014.

Stjórnandi Friðrik Vignir Stefánsson. Einsöngvarar Guðrún Lóa Jónsdóttir, Ragnhildur Þórhallsdóttir, Eygló Rúnarsdóttir, Halldór Unnar Ómarsson, Davíð Ólafsson, Sigurlaug Arnardóttir, Sigbrúður Arnardóttir, Þóra Hermannsdóttir Passauer. Orgel Judith Þ. Tobin.
Efniðsskrá:

G. A. Homelius: Kantata „Ein hoher Tag kömmt“

C. P. E. Bach: Magnificat BR-CPEB E4.

Tónleikar í Seltjarnarneskirkju 16. nóvember 2014. Gunnar Kvaran sjötugur.

Stjórnandi Oliver Kentish, konsertmeistari Helga R. Óskarsdóttir, einleikari Gunnar Kvaran.
Efniðsskrá:

Wolfgang Amadeus Mozart: Forleikur að La Clemenza di Tito

Francois Couperin: Pièces en Concert

Gabriel Fauré: Élégie, op. 24

W. A. Mozart: Sinfónía nr. 31 í D-dúr, K 297, Parísarsinfónían.

Tónleikar með Selkórnum í Seltjarnarneskirkju 7. desember 2014.

Stjórnandi Oliver Kentish. Strengjasveit úr Sinfóníuhljómsveit áhugamanna lék með kórnum í Messu í G-dúr eftir Schubert. Einsöngvarar voru María Jónsdóttir, Egill Árni Pálsson og Davíð Ólafsson. Orgelleikari var Dagný Björgvinsdóttir.

Félagsheimili Seltjarnarness, desember 2014

Sellókvartett úr Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flutti jólalög í jólasamkvæmi

Jarðvísindastofnunar. Páll Einarsson, Sverrir Teitsson, Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, Bianca Tighe.

Þjóðlag: Hátíð fer að höndum ein

Þjóðlag: Oss barn er fætt í Betlehem

Sigvaldi Kaldalóns: Nóttin var sú ágæt ein

Þorkell Sigurbjörnsson: Heyr himna smiður

Tónleikar í Seltjarnarneskirkju, 15. febrúar 2015. Í minningu Ingvars Jónassonar.

Stjórnandi Oliver Kentish, konsertmeistari Hildigunnur Rúnarsdóttir, einleikari á englahorn Guðrún Másdóttir, einleikari á víólu Þórunn Ósk Marinósdóttir.

Efniðsskrá:

Minningarorð (PE)

Haukur Tómasson: Melodia í minningu Ingvars fyrir víólu og kammersveit.

J. Sibelius: Svanurinn frá Tuonela.

F. Schubert: Sinfónía nr. 9 í C-dúr.

Tónlist í messu í Seltjarnarneskirkju, 22. febrúar (konudaginn) 2015.

Sellókvartett úr Sinfóníuhljómsveit áhugamanna: Páll Einarsson, Matylda Hermanska, Bianca Tighe og Sverrir Teitsson.

Árni Thorsteinsson: Fögur sem forðum

Atli Heimir Sveinsson: Maríukvæði

Þórarinn Guðmundsson: Þú ert

Tónleikar með Söngsveitinni Fílharmóníu í Seltjarnarneskirkju, 29. mars, 2015.

Endurteknir þriðjudaginn 31. mars í Seltjarnarneskirkju.

Stjórnendur: Oliver Kentish og Magnús Ragnarsson, konsertmeistari Hildigunnur Rúnarsdóttir, einsöngvarar Hallveig Rúnarsdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, Þorbjörn Rúnarsson, Viðar Gunnarsson.

Efnisskrá:

Snorri Sigfús Birgisson: Hymni fyrir strengjasveit

Joseph Haydn: Teresienmessa í B-dúr

Tónleikar í Seltjarnarneskirkju, sunnudaginn 17. maí 2015.

Stjórnandi Oliver Kentish. Konsertmeistari Hildigunnur Rúnarsdóttir, einleikari á fiðlu Ari Þór Vilhjálmsson.

Efnisskrá:

Sunna Rán Stefánsdóttir: Trúðasinfónía (frumflutningur)

Felix Mendelssohn: Fiðlukonsert

Johannes Brahms: St. Antoni-tilbrigðin op. 56a

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða sunnudaginn 22. nóvember í Seltjarnarneskirkju. Þessir tónleikar eru samvinnuverkefni með Kammerkór Seltjarnarneskirkju. Meðal annars verður flutt Magnífíkat eftir Mendelssohn.

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:

<http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.



Reykjavíkurborg

